

## REGLUGERÐ

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 190/2011 um markaðsfyrirkomulag  
við aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur á lögbýlum.**

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar með fyrirsögn orðast svo:

*Aðilaskipti.*

Þrátt fyrir ákvæði þessarar reglugerðar er Matvælastofnun heimilt í eftirfarandi tilvikum að staðfesta aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur, án þess að viðskiptin hafi verið gerð á markaði skv. 5. gr.:

- a. Þegar aðilaskiptin að greiðslumarki fara fram milli aðila innan sama lögbýlis.
- b. Þegar um er að ræða sölu á greiðslumarki frá einu lögbýli til annars lögbýlis innan sömu jarðtorfu (tvíbýlis- eða margbýlisjarðar, sbr. ákvæði landskiptalaga nr. 46/1941), þótt skipt hafi verið með landskiptum að hluta til, enda sé salan til þess fallin að auðvelda kynslóðaskipti og er að öðru leyti hagfelld.
- c. Þegar greiðslumark er flutt milli tveggja lögbýla á jörð í eigu/ábúð handhafa greiðslumarks. Beiðni um aðilaskipti samkvæmt a. og b. lið skal fylgja umsögn héraðsráðunautar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 82. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvorum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 1. júní 2015.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

---

*Rebekka Hilmarsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2015